

MEIS4RE05

Námsáætlun – Vorönn 2020

Kennari	Katrín Harðardóttir, netfang: katrin@vma.is	Sk.st.	KAH
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Lögð er áhersla á að nemandi öðlist innsæi og skilning á lögmálum hagfræðinnar. Nemandi kynnist helstu hugtökum í hagfræði, mikilvægi fyrirtækja og framleiðslu í efnahagshringrásinni, áhrif innflutnings og útflutnings á efnahagslíf, gengissveiflna og áhrifum vaxta á fjárfestingu og sparnað. Fjallað er um fjórfrelsissamning EFTA við EES og þau áhrif sem hann hefur á íslenskt efnahagslíf. Farið er yfir helstu þætti er varða skipulag fyrirtækja og framleiðslu, grundvöll rekstrar, framleiðni og arðsemi. Kynntar eru aðferðir við gerð framleiðsluferla, framleiðsluútreikninga, gerð rekstraráætlana, verðútreikninga, framlegðarútreikninga, leiðir til fjármögnunar og arðsemisútreikninga. Áhersla er á að nemandinn tileinki sér gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð. Fjallað er um rekstrarumhverfi fyrirtækja og samspil fyrirtækja og umhverfis með sérstaka áherslu á sjálfbærni. Skoðað verður hlutverk tækni með áherslu á gervigreind og mikilvægi hennar í rekstri fyrirtækja í nútíð og framtíð.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum í hagfræði.
- íslensku efnahagslífi.
- fjórfrelsissamningi EFTA við EES.
- helstu hugtökum er varða skipulag framleiðslu, afköst og framleiðni.
- helstu lykilhugtökum í rekstri, útreikningum þeirra og mælikvörðum á rekstrarárangur.
- forsendum ákvarðana um verðlagningu.
- forsendum ákvarðana um fjármögnun.
- notagildi tölvuforrita við áætlanagerð.
- hvernig afla megi frekari þekkingar um ofangreinda þætti.
- hvað gervigreind er og hvernig hægt er að nýta hana í starfi.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja hagfræðilega umfjöllun.
- skilja helstu atriði fjórfrelsissamningsins.
- geta skilið helstu lykiltölur í rekstri fyrirtækis og þjóðarbúsins.
- skilja áhrif breytinga á innflutningi, útflutningi, gengi og vaxtastigi á íslenskt efnahagslíf.
- meta rekstrarlega hagkvæmni valkosta út frá mismunandi forsendum.
- vinna með tölulegar upplýsingar og tileinka sér þær.
- sjá fyrir sér hvernig nýta megji tækni m.a. gervigreind til að auka gæði og hagkvæmni í rekstri eins og við á og mæta betur þörfum viðskiptavina.

Hæfniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla helstu gagna sem hann þarf á að halda.
- greina upplýsingar, vinna úr þeim og nýta til ákvarðanatöku í rekstri.
- beita reikningsaðferðum sem helst eru notaðar í rekstri og viðskiptum.
- leggja mat á rekstrarlega og eignalega stöðu fyrirtækis með hjálp tölulegra mælikvarða og lykilhugtaka.
- geta skipulagt reksturinn með það að leiðarljósi að nota tækni til að auka gæði, hagkvæmni og mæta betur þörfum viðskiptavina.

Námsgögn:

Öll námsgögn liggja inni á kennsluvef áfangans á Moodle; fyrirlestrar, glærur, greinar, myndbond og annað sem kennari setur þar inn ásamt gagnlegum netslóðum.

MEIS4RE05
Námsáætlun – Vorönn 2020



Verkefntaskólinn á Akureyri

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf Lokaverkefni	<input type="checkbox"/>
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Nemandi þarf að ná að lágmarki 4 í einkunn á lokaprófi til þess að vetrarvinnan teljist til einkunnar.		55%
Gagnvirk verkefni	Fimm gagnvirk krossaspurningaverkefni (3% hvert)		15%
Verkefni	Sjö verkefni. Vægi hvers og eins er hægt að sjá í áætlun um yfirferð.		30%
	Samtals:		100%
Annað: Nemendur hafa viku uppá að hlaupa við verkefnaskil en eftir það er ekki tekið við verkefnum.			

Dagsetning: 6 jan '20

Katrín Jónsdóttir
Undirritun kennara

6/1 '20 *Jón Þórhildur*
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

MEIS4RE05 Námsáætlun – Vorönn 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttu:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/ver kefni	Vægi námsmats- páttu
Vika 3 12.-18. jan.	Kynning á áfanganum og námsyfirferð, sjá námsáætlun		
Vika 4 19.-25. jan.	Inngangur að hagfræði	Krossaspurningar	3%
Vika 5 26. jan. - 1. feb.	Efnahagshringrásin	Verkefni	5%
Vika 6 2.-8. feb.	Efnahagshringrásin frh.		
Vika 7 9.-15. feb.	Vaxtastig, gengissveiflur og áhrif á efnahagslífið	Krossaspurningar	3%
Vika 8 16.-22. feb.	EFTA, EES, ESB og fjórfrelsið	Krossaspurningar	3%
Vika 9 23.-29. feb.	Þjóðarframleiðsla og landsframleiðsla	Verkefni	4%
Vika 10 1.-7. mars.	Skipulag fyrirtækja, vald og ábyrgð	Krossaspurningar	3%
Vika 11 8.-14. mars.	Framleiðsla, framleiðsluferfi og framleiðsluferli	Verkefni	4%
Vika 12 15.-21. mars.	Fjármögnun fyrirtækja. Tekjur, kostnaður og arðsemi	Verkefni	4%
Vika 13 22.-28. mars.	Rekstraráætlanir, framlegðarútreikningar	Verkefni	5%
Vika 14 29. mars – 4. apríl.	Sjálfskostnaður vöru	Krossaspurningar	3%
Vika 15 5.-11 apríl.	Páskafri		
Vika 16 12.-18. apríl.	Sjálfbærni fyrirtækis og áhrif hennar á rekstrarafkomu	Verkefni	4%
Vika 17 19.-25. apríl.	Framtíðin. Áhrif nýrrar tækni og gervigreindar á störf	Verkefni	4%
Vika 18 26. apríl – 2. maí.	Uppsóp		
Vika 19 3.-9. maí.	Upprifjun		